

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 13. nóvember 2015 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-103/2014:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 1. desember sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings um tvö gjafabréf, sem gefin voru út af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi telur að seljandi hafi vanmetið verðmæti gjafabréfanna sem nemur samtals kr. 37.800 og krefst þess að seljandi greiði sér þá fjáæð.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beðið kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Ágreiningur aðila snýst um skilmála gjafabréfs seljanda. Í gögnum sem bárust frá seljanda við meðferð málsins kemur fram gjafabréf þau sem deilt er um hafi verið gefin út af seljanda til Z, en ekki til álitsbeiðanda beint. Gerir seljandi og ráð fyrir að álitsbeiðandi hafi því eignast gjafabréfin með einhverjum hætti frá Z. Álitsbeiðandi hafi því aldrei keypt umrætt gjafabréf. Undir rekstri málsins fékk álitsbeiðandi tækifæri til að mótmæla framangreindri fullyrðinu seljanda, en gerði það ekki.

Af framangreindu verður ekki annað ráðið en að um sé að ræða einhverskonar gjafagerning, þ.e. einhliða skuldarasamband, en slíkir gerningar falla utan við gildissvið laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup, laga nr. 48/2003 um neytendakaup og laga nr. 42/2000 um þjónustukaup. Kæruneftndinni ber því, með vísan til 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa, að vísa álitsbeiðni þessari frá sér.

Beðist er velvirðingar á miklum töfum við afgreiðslu málsins.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir